



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. júní 2026  
USK26040323

### **Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu 1. lotu Borgarlínu**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. apríl 2026 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um stöðu 1. lotu Borgarlínu, sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. apríl 2026. Tillöggunni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samganga og borgarhönnunar.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu undirbúnings 1. lotu Borgarlínu, það er kaflans frá Nauthólsvegi að Hlemmi og útfærslu í miðborg (Kvos): 1. Hver er staða deiliskipulags fyrir þennan kafla og hvenær liggur fyrir endanleg ákvörðun um útfærslu? 2. Í álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati Borgarlínu kemur fram að endanleg útfærsla í þessum hluta liggja ekki fyrir og verði ákveðin á deiliskipulagsstigi. Jafnframt er ljóst að ýmsir valkostir eru enn til skoðunar. - Hefur verið tekin formleg ákvörðun um hvaða valkostur verði fyrir valinu í Kvosinni? 3. Fyrir liggur að umferð um Fríkirkjuveg er um 7–8 þúsund bílar á dag, sem gerir götuna að einni af lykiltengingum í miðborginni. Samhliða hafa komið fram valkostir í gögnum Borgarlínu og umfjöllun þar sem: - gert er ráð fyrir verulegri skerðingu á umferð - eða jafnvel að einungis Borgarlínuvagnar fái að aka um Fríkirkjuveg. Er til skoðunar valkostur sem felur í sér að Fríkirkjuvegur verði lokaður að hluta eða öllu leyti fyrir almenna bílaumferð, eða að umferð verði takmörkuð þannig að hún hafi í reynd sömu áhrif? 4. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að breytingar á umferðarskipulagi verði umfangsmiklar og hafi í för með sér tilfærslu umferðar á aðrar götur og verulegar breytingar á samgöngumynstri. - Hvernig hefur verið metið sérstaklega hvaða áhrif lokun eða veruleg takmörkun á Fríkirkjuvegi myndi hafa á umferð í miðborg og nærliggjandi gatnakerfi? 5. Ef slíkir valkostir eru enn til skoðunar: - Hvaða valkostir liggja fyrir í dag varðandi Fríkirkjuveg og Lækjargötu? - Hvaða valkostir hafa verið felldir út og á hvaða forsendum?

### **Svar við fyrirspurn:**

Fyrirspurnin er í fimm tölusetnum liðum. Henni verður hér svarað lið fyrir lið:

*1.Hver er staða deiliskipulags fyrir þennan kafla og hvenær liggur fyrir endanleg ákvörðun um útfærslu?*

Vinna við deiliskipulag fyrir 1. lotu Borgarlínunnar er mislangt á veg komin eftir svæðum: **Samþykkt svæði:** Deiliskipulag fyrir Nauthólsvík, HR, Nauthólsveg,og Hlemm er þegar samþykkt og hefjast framkvæmdir þar á árinu 2026.

**Lega línunnar:** Rammahluti aðalskipulags (nóv. 2025) staðfestir leiðina milli Nauthólsvegur og Hlemms um m.a. Fríkirkjuveg og Lækjargötu. Leiðin byggir á frumdrögum 1. lotu frá árinu 2021.



**Kvosin og nágrenni:** Lega línunnar (m.a. um Fríkirkjuveg og Lækjargötu) var staðfest í rammahluta aðalskipulags í nóvember 2025. Formleg deiliskipulagsvinna fyrir þennan kafla er hins vegar ekki hafin þar sem forhönnun liggur ekki fyrir.

**Tímalína:** Forhönnun kaflans hefst á síðari hluta ársins 2026 og deiliskipulagsvinna í kjölfarið. Gert er ráð fyrir að skipulagstillögur verði auglýstar á árinu 2027. Endanleg ákvörðun um útfærslu liggur fyrir þegar deiliskipulagið hlýtur lögformlega samþykkt.

*2. Í álitum Skipulagsstofnunar á umhverfismati Borgarlínu kemur fram að endanleg útfærsla í þessum hluta liggur ekki fyrir og verði ákveðin á deiliskipulagsstigi. Jafnframt er ljóst að ýmsir valkostir eru enn til skoðunar. Hefur verið tekin formleg ákvörðun um hvaða valkostur verði valinn í Kvosinni?*

Nei, endanleg formleg ákvörðun um nákvæma útfærslu í Kvosinni liggur ekki fyrir. Eins og fram kemur í spurningunni, staðfesti Skipulagsstofnun í álitum sínu um umhverfismat Borgarlínunnar að útfærslan á þessum viðkvæma kafla yrði ákvörðuð á deiliskipulagsstigi.

Sú vinna er nú á undirbúningsstigi. Markmiðið er að finna þá lausn sem tryggir sem best framgang almenningssamgangna á sama tíma og tekið er tillit til menningarsögulegra gilda, aðgengis og gæða borgarumhverfisins í hjarta borgarinnar.

Í rammahluta aðalskipulagsins er lögð áhersla á forgang Borgarlínunnar í Kvosinni. Vegna takmarkaðs rýmis á Fríkirkjuvegi er ljóst að forgangur línunnar mun hafa áhrif á núverandi fyrirkomulag almennrar bílaumferðar. Í umhverfisskýrslu með rammahlutanum er gert ráð fyrir að draga þurfi úr gegnumakstri til að ná markmiðum um áreiðanleika línunnar og bætt borgarumhverfi, en nákvæm útfærsla og umfang takmarkana verður fyrst skilgreint í forhönnun og deiliskipulagsvinnu sem hefst 2026.

Vinna við forhönnun, sem áætlað er að hefjist á seinni hluta ársins 2026, mun fela í sér ítarlega greiningu á þeim valkostum sem eru færir. Sú vinna mun svo leggja grunninn að tillögu að deiliskipulagi sem verður kynnt og sett í lögformlegt ferli þar sem almenningi og hagsmunaaðilum gefst kostur á að gera athugasemdir.

*3. Fyrir liggur að umferð um Fríkirkjuveg er um 7–8 þúsund bílar á dag, sem gerir götuna að einni af lykiltengingum í miðborginni.*

*Samhliða hafa komið fram valkostir í gögnum Borgarlínu og umfjöllun þar sem: gert er ráð fyrir verulegri skerðingu á umferð, eða jafnvel að einungis Borgarlínuvagnar fái að aka um Fríkirkjuveg. Er til skoðunar valkostur sem felur í sér að Fríkirkjuvegur verði lokaður að hluta eða öllu leyti fyrir almenna bílaumferð, eða að umferð verði takmörkuð þannig að hún hafi í reynd sömu áhrif?*

Sem hluti af undirbúningsvinnu og forgreiningum fyrir 1. lotu Borgarlínunnar hafa verið skoðaðir ýmsir valkostir sem fela í sér takmarkanir á almennri bílaumferð um Fríkirkjuveg. Vegna þess hve gatan er þröng er ljóst að erfitt er að koma fyrir sérrýmum fyrir Borgarlínu án þess að það hafi áhrif á núverandi flæði bílaumferðar. Í þeim valkostum sem almenn bílaumferð um Fríkirkjuveg er takmörkuð verulega hefur verið horft til þess að opna fyrir akstur um Suðurgötu, norðan Hringbrautar, í báðar áttir þess í stað. Þar sem umferð strætisvagna færir þá frá Suðurgötu yfir á Fríkirkjuveg.



### **Eftirfarandi liggur fyrir um stöðu málsins:**

**Skoðaðir valkostir:** Í tæknilegum gögnum verkefnisins (s.s. Frumdrögum 1. lotu 2021, Frumhönnun/Inception 2023 hafa verið greindir valkostir sem ná allt frá hlutalokunum yfir í fulla lokun Frikirkjuvegur fyrir almenna bílaumferð (opið fyrir almenningssamgöngur, viðbragðsaðila og virka ferðamáta).

**Staða ákvarðanatöku:** Enginn þessara valkosta hefur verið formlega samþykktur sem endanleg útfærsla. Líkt og fram kom í svari við 1. spurningu, mun forhönnun þessa kafla hefjast á síðari hluta ársins 2026. Í þeirri vinnu verða þessar sviðsmyndir dýpkaðar, framkvæmdar frekari umferðargreiningar og áhrifamat á nærliggjandi götakerfi.

**Samráð við hagsmunaaðila:** Vegna þess að greiningar benda til töluverðra breytinga á svæðinu, var haldinn upplýsingafundur með forstöðufólki Frikirkjunnar í Reykjavík, Listasafns Íslands og Kvennaskólans. Á þeim fundum var farið yfir tæknilegar forsendur og hvernig tryggja megi nauðsynlegt aðgengi að lóðum og starfsemi ef til takmarkana á umferð kemur. Lóðarhafar lýstu almennri ánægju á upplýsingafundinum með tillögur að takmörkun bílaumferðar á Frikirkjuvegi.

Niðurstaða um það hvort gatan verði lokuð almennri bílaumferð að hluta eða öllu leyti mun liggja fyrir þegar tillaga að deiliskipulagi verður kynnt, en sú tillaga mun byggja á þeirri forhönnun og umferðarlíkönnum sem unnin verða á árunum 2026-2027.

*4. Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að breytingar á umferðarskipulagi verði umfangsmiklar og hafi í för með sér tilfærslu umferðar á aðrar götur og verulegar breytingar á samgöngumynstri. Hvernig hefur verið metið sérstaklega hvaða áhrif lokun eða veruleg takmörkun á Frikirkjuvegi myndi hafa á umferð í miðborg og nærliggjandi gatnakerfi?*

Mat á umferðaráhrifum hefur hingað til farið fram á yfirborðsstigi í umhverfismatsskýrslu, þar sem staðfest er að umferð muni færast yfir á aðrar götur. Jafnframt hafa verið gerðar greiningar í samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins sem gefa vísbendingar um mögulega dreifingu umferðar innan gatnakerfisins.

Í álitum Skipulagsstofnunar er hins vegar gerð athugasemd við að sú greining þurfi að vera mun nákvæmari (sjá m.a. bls. 22 í álitum). Stofnunin setur það sem skilyrði fyrir framgangi deiliskipulags að gerð verði ítarlegri grein fyrir því hvert umferð, á bilinu 7.000–8.000 bílar, muni færast og hvaða áhrif það hafi á umferðarflæði, tafir, umferðaröryggi og umhverfi í miðborginni og nærliggjandi hverfum.

Sú vinna mun fara fram samhliða forhönnun verkefnisins. Í því samhengi verður einnig lagt mat á mögulegar mótvægisáðgerðir, svo sem breytingar á forgangi, stýringum og akstursstefnum í nærliggjandi gatnakerfi, með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á íbúðagötur og aðra viðkvæma staði.



**5. Hvaða valkostir liggja fyrir í dag varðandi Fríkirkjuveg og Lækjargötu? Hvaða valkostir hafa verið felldir út og á hvaða forsendum?**

Í forvinnu hafa ýmsir útfærslumöguleikar verið greindir og bornir saman með aðstoð umferðarspálíkana, einfaldra afkastareikninga og umferðarhermana. Staða þeirrar vinnu er í meginatriðum eftirfarandi:

**Lækjargata (Jaðarlæg vs. miðjusettt legu):** Skoðaður var valkostur þar sem Borgarlínan æki á jaðri götunnar. Niðurstaða tæknilegra greininga var að sú útfærsla væri ekki fýsileg vegna mikilla konflikta við hægri beygjur, vörulosun og aðgengi gangandi vegfarenda. Því er nú unnið út frá því að miðjusettt legu sé vænlegasti kosturinn fyrir Lækjargötu til að tryggja öryggi og flæði.

**Fríkirkjuvegur (Blandað flæði vs. sérrými):** Vegna þrengsla á Fríkirkjuvegi hafa greiningar sýnt að „blandað flæði“ (þar sem vagnar og bílar deila rými) myndi skerða áreiðanleika Borgarlínunnar verulega og gera hana óhagkvæma sem samgöngukost. Því er það tæknileg ráðgjöf hönnuða að Fríkirkjuvegur verði eingöngu fyrir Borgarlínu, gangandi og hjólandi.

**Hvað hefur verið felld út:** Formlega hefur enginn valkostur verið felldur út, þar sem Skipulagsstofnun krefst þess í álitinu sínu (nóv 2024) að ólíkir valkostir verði bornir saman í deiliskipulagsferlinu til að sýna fram á áhrif þeirra. Hins vegar hafa valkostir sem fela í sér að leiða línuna ekki um Kvosina verið felldir út á grundvelli þess að þeir uppfylla ekki markmið verkefnisins um þjónustustig og farþegafjölda.

**Næstu skref í forhönnun:** Sá valkostur sem nú er talinn fýsilegastur og mun leggja grunn að forhönnun árið 2026, gerir ráð fyrir forgangi Borgarlínu á Fríkirkjuvegi og miðjusettri legu á Lækjargötu. Sá valkostur verður þó borinn saman við aðrar útfærslur í deiliskipulagsferlinu, m.t.t. umferðartilfærslu og menningarminja, eins og lög og álit Skipulagsstofnunar kveða á um og endanleg ákvörðun tekin við staðfestingu deiliskipulags.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Samgöngustjóri